
Fiskeldisfréttir

Janúar 2023 1. tölublað 10. árgangur



Á það að vera refsivert að gagnrýna spillingu

valdimar@sjavarutvegur.is

Undirritaður hafði frumkvæði að því að Strandbúnaður ehf. var stofnaður árið 2016 og sá um rekstur hans til ársins 2020. Það hefur afleiðingar að hafa skoðanir og gagnrýna spillingu. Forsvarsmenn í greininni beyttu sér að því að Valdimar Inga Gunnarssyni var bolað frá sem framkvæmdarstjóra Strandbúnaðar vegna hans gagnrýni á spillingu. Á það að vera refsivert að gagnrýna spillingu?

Hver er ástæðan?

Það virðist ekki vera umburðarlindi fyrir því að einstaklingar hafi sjálfstæðar skoðanir sem eru andstæð skoðunum og hagsmunum leiðandi aðila í atvinnugreininni. Gagnrýnd hafa verið vinnubrögð við undirbúning og breytingu á lögum um fiskeldi. Hún hefur

Í rannsóknaskóknarskýrslunni Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings er farið yfir vinnubrögðin hjá stjórnarformanni Arnarlax og fjárhagslegan ávinning.

Skýrsluna er hægt að sækja [HÉR](#)

Sambærileg rannsóknaskýrsla um vinnubrögð stjórnarformanns Fiskeldis Austfjarða verður gerð á árinu 2023.

fyrst og fremst beinst að stjórnarformönnum Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða sem voru fulltrúar greinarinnar í starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi en nánari upplýsingar um málið er að finna [HÉR](#).

Þöggun

Þeir sem hafa fyrst og fremst verið í skotlínunni hafa þrýst á að losa sig við rekstraraðila m.a. með að neita að mæta á Strandbúnað sem fyrirhugað var að halda í mars 2020. Óskað var eftir að skrifum yrði hætt, en það kom ekki til greina enda mínar skoðanir og rekstur Strandbúnaðar óskyld mál. Sú staða var því upp að láta reka sig eða hætta sem rekstraraðili Strandbúnaðar – slíkt er vald íslenskra forsvarsmanna laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila. Nú er í vinnslu rannsóknaskýrslan Strandbúnaður og þöggunin þar sem farið er yfir málið og það rakið lið fyrir lið.

Um hvað snýst málið?

Stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða komu að undirbúningi og gerð laga um fiskeldi til að tryggja sínum fyrirtækjum fjárhagslegan ávinning. Málið snýst ekki um að nýta sér tækifærin, heldur að vera leiðandi við hönnun á leikreglum, skjalfest í lögum, sjálfum sér og sínum fyrirtækjum til fjárhagslegs



Útgefandi:

Sjávarútvegsþjónustan ehf.
ISSN 2251 5283

Ritstjórn:

Sjávarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur

Ritstjóri:

Valdimar Ingi Gunnarsson
(ábm.)
GSM 695-2269
Netfang:
valdimar@sjavarutvegur.is

Vefslóð Fiskeldisfréttar:


www.lagareldi.is

Eftirprentun og tilvitnun er heimil, sé heimilda getið.

ávinnings á kostnað annarra. Höfundur var og er ekki sáttur með þessi vinnubrögð og steig því fram.

Ferli málsins

Í upphafi skal endirinn skoða, sem eflaust hefur verið gert af



Íslenska leiðin

Það átt sér stað spilling við undirbúning og gerð breytinga á lögum um fiskeldi sem samþykkt voru á árinu 2019. Mörgum finnst eflaust að svo sé ekki, þetta er bara íslenska leiðin. Draga má það stórlega í efa að íslenska leiðin geti viðgengist í þróuðum lýðræðis ríkjum sem við viljum oft bera okkur saman við.

stjórnarformönnunum Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða:

- *Auðlindin tekin:* Markvisst var sótt um eldissvæði í flestum fjörðum þar sem ekki var bannað að vera með laxeldi í sjókvíum til að tryggja sig til lengri tíma þar sem bestu svæðin eru takmörkuð og eftirsótt. Þannig er verið að koma sér í ákveðna stöðu með möguleika á fjárhagslegum ávinningi.
- *Sett í sölubúning:* Útbúin viðskiptaáætlun. Eldissvæði og framleiðsluheimildir eru verðmæti og erlendir aðilar fengnir að borðinu með fjármagn.
- *Sérhagsmunagæsla:* Stjórnarformenn tveggja stærstu laxeldisfyrirtækjanna létu skipa sig í starfshóp um stefnumótun í fiskeldi sem fulltrúa Landsambands fiskeldisstöðva og komust þannig í yfirburðastöðu til að vinna að hagsmunagæslu sinna fyrirtækja á kostnað annarra. Fyrirtæki stjórnarformanna voru búin að koma leyfisveitingarkerfinu í uppnám og nú var verkefnið að tryggja áfram þeirra stöðu og væntingar um fjárhagslegan ávinning.



Íslenska leiðin

1. Auðlindin tekin

Sótt er um fjölda eldissvæða til að koma sér í ákveðna stöðu.

2. Sett í sölubúning

Útbúin viðskiptaáætlun, eldissvæðin eru verðmæti og erlendir aðilar með fjármagn fengnir að borðinu.

3. Sérhagsmunagæsla – Reyna að tryggja fjárhagslegan ávinning

Stjórnarmenn stærstu laxeldisfyrirtækja skipuðu sig í stefnumótunarhópinn til að tryggja sína hagsmuni.

4. Sérhagsmunagæsla – Koma sínum mönnum inn

Starfsmaður ráðinn með aðstöðu í ráðuneytinu, sem jafnframt var starfsmaður stjórnarformanns Arnarlax.

5. Sérhagsmunagæsla – Hanna leikreglur

Gefin út stefnumótunarskýrsla sem gefur væntingar um fjárhagslegan ávinning.

6. Stjórnsýslu ábótavant – Vantar faglegt rýni

Í ráðuneytinu voru tillögur stefnumótunarskýrslunnar skrifaðar því sem næst óbreyttar inn í fiskeldisfrumvarpið.

7. Stjórnsýslu ábótavant – Ekki tekið á öllum málum

Alþingi Íslands stoppaði af ýmis áform en í gegn fóru þó margar tillögur sem tryggðu fjárhagslegan ávinning.

8. Fjárhagslegur ávinningur

Hlutabréf sett á erlendan hlutabréfamarkað og náðst hefur verulegur fjárhagslegur ávinningur.



- *Koma sínum mönnum fyrir:* Ráðinn var starfsmaður fyrir stefnumótunarhópinum með aðstöðu í ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem jafnframt var starfsmaður stjórnarformanns Arnarlax.
- *Hanna leikreglur:* Gefin var út stefnumótunarskýrsla með hagstæðum tillögum fyrir stjórnarformennina, með væntingum um fjárhagslegan ávinning.
- *Vöntun á faglegu rýni:* Ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skrifaði tillögur stefnumótunarskýrslunnar inn í fiskeldisfrumvarpið og augljóslega var verið að huga að sérhagsmunum

þeirra sem sömdu leikreglunnar.

- *Ekki tekið á öllum málum:* Alþingi Íslands tók á ýmsum málum og bætti frumvarpið verulega, stoppaði af ýmis áform og dró þannig úr væntanlegum fjárhagslegum ávinningi stjórnarformanna.
- *Fjárhagslegur ávinningur:* Í framhaldinu settu laxeldisfyrirtækin í meirihlutaeigu erlenda aðila hlutabréf sín á erlendan hlutabréfamarkað og hefur þegar náðst verulegur fjárhagslegur ávinningur.
- *Þöggun:* Verkefni næstu mánaða og ára er síðan að reyna að þagga niður í gagnrýnisróddum enda

miklir hagsmunir undir.

Mér finnst þetta ekki í lagi - Hvað finnst þér?

Í rannsóknaskýrslunni *Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staða* er farið yfir vinnubrögð og niðurstöður tillagna starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi.

Skýrsluna er hægt að sækja [HÉR](#).

Í rannsóknaskýrslunni *Landsamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi* er farið yfir vinnubrögðin og þau miklu átök sem áttu sér stað innan stjórnar samtakanna

Skýrsluna er hægt að sækja [HÉR](#).

Í rannsóknaskýrslunni *Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings* er farið yfir vinnubrögðin hjá félaginu og fjárhagslegan ávinning.

Skýrsluna er hægt að sækja [HÉR](#).

Um Strandbúnað 2016-2020

valdimar@sjavarutvegur.is

Strandbúnaður ehf. var stofnaður 21. október 2016 í Húsi sjávarklasans. Tilgangur félagsins er að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um strandbúnað og styðja þannig við menntun, rannsóknir, þróun og stefnumótun greinarinnar. Félagið er ekki hagsmunasamtök einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu.

Undirbúningur að stofnun félagsins

Valdimar Ingi Gunnarsson hafði frumkvæði að því að Strandbúnaður var stofnaður. Fyrsti undirbúningsfundurinn var haldinn 7. september 2016 í Húsi sjávarklasans og mættu eftirfarandi fulltrúar:

- Elvar Árni Lund, Skelrækt
- Hermann Kristjánsson, Vaka
- Höskuldur Steinarsson, Landssambandi fiskeldisstöðva
- Sveinn Margeirsson, Matís
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Sjávarútvegsþjónustunni,

Vinnuheiti verkefnisins var fyrst „Samstarfsvettvangur lagareldis á Íslandi“ sem breyttist fljótt í endanlegt heiti Strandbúnaður og var þá horft til nafnsins landbúnaður. Við skipulag Strandbúnaðar var Sjávarútvegsráðstefnan höfð til hliðsjónar. Ýmsar hugmyndir komu fram um hlutverk vettvangsins en niðurstaðan var að halda sig við að vera með árlega ráðstefnu.

Hugmyndin

Hugmyndin að Strandbúnaði er að skapa vettvang allra þeirra sem koma að strandbúnaði á Íslandi. Innan þessa hóps

eru þeir sem starfa við þörungarækt, skeldýrarækt, seiðaeldi, matfiskeldi, sölu og markaðssetningu, fóðurframleiðendur, tækjafframleiðendur og aðrir þjónustuaðilar, rannsóknastofnanir, menntastofnanir, ráðuneyti og stofnanir þeirra. Það hafði verið vöntun á árlegum vettvangi fyrir alla þá er tengjast strandbúnaði. Vöntun á hlutlausum vettvangi þar sem fólki gefst tækifæri á að hittast og mynda tengsl. Það voru ekki allir fullkomlega sáttir með að Strandbúnaður væri stofnaður. Með stofnun Strandbúnaðar færðust ráðstefnur innan iðnaðarins frá hagsmunasamtökum yfir á hlutlausan vettvang.

Ráðstefnan hefur verið vettvangur þar sem menn hittast, styrkja sambönd og samstarf í greininni. Á ráðstefnunni er fjallað um mikilvæg viðfangsefni á sviði fiskeldis, skeldýra- og þörungaræktar og vonast er til að verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka.

Árleg ráðstefna

Vettvangurinn hélt þrjár ráðstefnur í mars mánuði á árunum 2017-2019 á Grand



Hótel Reykjavík. Ráðstefna sem var fyrirhuguð í mars 2020 var frestað vegna COVID-19. Ráðstefnur Strandbúnaðar ehf. hafa verið fjölmennar en um 260 manns sóttu fyrstu ráðstefnuna. Ráðstefnugestum hefur síðan fjölgað og voru um 350 á árinu 2019. Á Strandbúnað hefur áðst að koma saman á einum stað þversneið af greininni. Þátttakendur frá fiskeldisfyrirtækjum og þjónustufyrirtækjum hafa verið fjölmennastir. Af fiskeldisfyrirtækjum



> Þjónustufyrirtæki hafa borið uppi ráðstefnuna á síðustu árum og án þeirra stuðning hefði engin ráðstefna verið haldin.

hefur þátttaka verið mjög góð hjá fyrirtækjum með landeldi en einhverja hluta vegna hafa þátttakendur verið tiltölulega fáir frá sjókvíaeldisfyrirtækjum, sérstaklega hjá sumum stærstu fyrirtækjanna. Tiltölulega fáir þátttakendur hafa komið frá fyrirtækjum með þörungaráækt og skeldýráækt og þá í takt við lítið umfang þeirra greina.

Hluthafar

Strandbúnaður var stofnaður af fjölbreyttum hópi félaga. Það sem vekur athygli er að Landssamband fiskeldisstöðva var ekki einn af stofnendum Strandbúnaðar og jafnframt heldur ekki stóru

Stjórn Strandbúnaðar ehf.

Stjórnarmenn 2020

- Gunnar Þórðarson, formaður
- Tryggvi Stefánsson
- Soffía Karen Magnúsdóttir
- Júlíus Birgir Kristinsson
- Steinunn Guðný Einarsdóttir
- Þorleifur Ágústsson

Fyrrverandi stjórnarmenn:

- Arnljótur Bjarki Bergsson (21.10.2016-20.03.2018)
- Arnþór Gústafsson (14.03.2017-20.03.2018)
- Elvar Árni Lund (21.10.2016-20.03.2018)
- Halla Jónsdóttir (21.10.2016-20.03.2018)
- Höskuldur Steinarsson (21.10.2016-20.03.2018)
- Jónas Jónasson (21.10.2016-14.03.2017)
- Kristján Þ. Davíðsson (20.03.2018-22.03.2019)
- Valdimar Ingi Gunnarsson (21.10.2016-14.03.2017)
- Þorleifur Eiríksson (14.03.2017-22.03.2019)

laxeldisfyrirtækin nema Arctic fish (Arctic Sea Farm) enda ekki allir fullkomlega sáttir með að Strandbúnaður væri stofnaður. Aftur á móti gerðist Skelrækt strax hluthafi en þörungaráæktendur voru ekki búnir að stofna samtök á þessum tíma.

Afkoma félagsins

Allar þrjár ráðstefnunnar, á árunum 2017-2019. Kostnaði var haldið í lágmarki með það að markmiði að byggja upp eigið fé félagsins. Af þeirri ástæðu hefur því verið ýtt á undan sér mikilvægum verkefnum við þróun á vettvanginum. Þegar lagt var af stað með Strandbúnað fékkst of lítið hlutfé og þurfti því að byggja upp eigið fé félagsins með árlegum hagnaði.


Þjónustufyrirtæki hafa borið uppi ráðstefnuna á síðustu árum og án þeirra stuðning hefði engin ráðstefna verið haldin. Merki aðalstyrktaraðila hefur verið á forsíðu ráðstefnuheftis hverju sinni. Leiðandi fyrirtæki í landeldi hafa einnig stutt vel við ráðstefnuna með að senda marga þátttakendur. Það sama var almennt ekki hægt að segja um sjókvíaeldisfyrirtækin á þessum árum.

Stjórn


Við val á stjórn félagsins er

Hluthafar og stofnendur Strandbúnaðar

- Sjávarútvegsþjónustan
- Arctic Sea Farm
- Keynatura
- Matís
- Fóðurverksmiðjan Laxá
- Rorum
- Egersund Island
- Efla
- SKELRÆKT, félagasamtök
- Menja
- Hraðfrystihúsið Gunnvör
- Sjávareldi
- Stofnfiskur
- Mjöll Frigg
- Hyndla
- Íslandsbleikja



Fjöldi ráðstefnugesta á Strandbúnaði eftir greinum árin 2017-2019.



Fjöldi ráðstefnugesta á Strandbúnaði 2017-2019.

leitast við að hún endurspegli sem best starfsemi strandbúnaðar. Einn fulltrúi er frá þjónustufyrirtækjum, einn frá opinberri stofnun, tveir frá fiskeldisfyrirtækjum, einn frá skeldýráækt og einn frá þörungaráæktendum. Enginn situr samfelld lengur en tvö ár í stjórn Strandbúnaðar. Það er gert til að tryggja að sjónarmið



Í stjórn er:

- einn fulltrúi frá þjónustufyrirtækjum,
- einn frá opinberri stofnun,
- tveir frá fiskeldisfyrirtækjum,
- einn frá skeldýráækt
- og einn frá þörungaráæktendum

> Fiskeldisblaðið var eini sérhæfði fjölmiðlinn sem fjallar um fiskeldi og því einkennilegt að miðilinn hefur algjörlega horft fram hjá ráðstefnunni Strandbúnaður í sínum fréttáflutningi.

sem flestra innan greinarinnar ná fram og stöðugt komi inn aðilar með nýjar hugmyndir og tengingar. Í upphafi ársins 2020 höfðu 15 manns setið í stjórn Strandbúnaðar. Vinna stjórnarmanna er ólaunuð og þannig hafa fjölmargir lagt Strandbúnaði verulegum stuðningi.

Efnistöð ráðstefnu

Stjórn Strandbúnaðar er jafnframt ráðstefnuráð sem skipuleggur og ákveður efnistöð en tekið var tillit til ábendinga annarra. Efnistöð hafa ekki miðast við að koma á framfæri skoðunum framvæmdarstjóra Strandbúnaðar á þessum tíma. Sumt af því sem hefur komið fram á ráðstefnunni hefur höfundur verið ósammála – en þannig á það að vera. Hættan er aftur á móti sú að ef það á sér stað yfirtaka þröngra hagsmunahópa á Strandbúnaði að málflutningur verði einsleitur. Efnistöð ráðstefnunnar hafa verið

fjölbreytt, yfirleitt um 10 málstofur og tvær þeirra keyptar þar sem styrktaraðilar hafa geta kynnt sýna vöru og þjónustu. Ráðstefnuhefti og erindi er hægt að sækja á vef ráðstefnunnar.

Umfjöllun í fjölmiðlum

Strandbúnaður fékk almennt góða umfjöllun í fjölmiðlum nema í Fiskeldisblaðinu. Landssamband fiskeldisstöðva hefur komið að [Fiskeldisblaðinu](#) sem var eini sérhæfði fréttamiðillinn innan fiskeldis eftir að hætt var tímabundið með útgáfu Fiskeldisfréttu. Það er umhugsunarvert að Fiskeldisblaðið hefur aldrei fjallað um Strandbúnað þrátt fyrir að blaðamaður frá þeim hafi mætt á ráðstefnuna. Það lýsir e.t.v. vel viðhorfum leiðandi aðila í atvinnugreininni til Strandbúnaðar. Í þessu samhengi má benda á að ráðstefnan Strandbúnaðar var og er stærsti árlegi vettvangurinn innan fiskeldis, skel- og þörunguræktar á Íslandi. Leiðandi aðilum innan fiskeldis tóku yfir [Landssamband fiskeldisstöðva](#) og í raun eyðilögðu þau samtök og mikilvægt er að koma í veg fyrir að það sama gerist með Strandbúnað.

